

## T I L L A G A

### **að starfsreglum um vígslubiskupa.**

(Lagt fyrir 62. kirkjuþing 2021-2022).

Flutt af Hjalta Hugasyni.

Frsm. Hjalti Hugason.

#### 1. gr.

Biskupsdæmi Íslands skiptist í tvö vígslubiskupsumdæmi, Skálholtsumdæmi og Hólaumdæmi.

Umdæmi vígslubiskups í Skálholti nær yfir eftirtalin prófastsdæmi:

Suðurprófastsdæmi.

Kjalarnessprófastsdæmi.

Reykjavíkurprófastsdæmi eystra.

Reykjavíkurprófastsdæmi vestra.

Vesturlandsprófastsdæmi.

Vestfjarðaprófastsdæmi.

Umdæmi vígslubiskups á Hólum nær yfir eftirtalin prófastsdæmi:

Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi.

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.

Austurlandsprófastsdæmi.

#### 2. gr.

Þjónandi prestar og djáknar í hvoru vígslubiskupsumdæmi fyrir sig kjósa vígslubiskup úr röðum presta sem þjóna í umdæminu.

Vígslubiskupar gegna áfram prestsþjónustu sinni á þeim kjörum sem um hana gilda.

Nú lætur vígslubiskup af prestsembætti eða hlýtur prestsstarf utan umdæmis síns. Skal þá kjósa nýjan vígslubiskup.

#### 3. gr.

Um kjör vígslubiskupa fer samkvæmt starfsreglum um kosningu biskups Íslands eftir því sem við getur átt.

4. gr.

Sá vígslubiskup sem eldri er að biskupsvígslu vígir biskup Íslands er svo stendur á að fráfarandi biskup getur eigi gert það.

5. gr.

Vígslubiskup sá sem eldri er að biskupsvígslu gegnir störfum biskups Íslands í forföllum hans, að því marki sem nauðsyn krefur.

6. gr.

Vígslubiskupar vígja presta, djákna, kirkjur og kapellur og fremja önnur biskupsverk hvor í sínu umdæmi í forföllum biskups Íslands eða þegar biskup felur þeim það hlutverk.

7. gr.

Vígslubiskupar hljóta greiðslu fyrir þau embættisverk sem þeim eru falin samkvæmt 4.-6. gr. auk greiðslu útlagðs kostnaðar.

Þóknunarnefnd þjóðkirkjunnar ákvarðar greiðslur fyrir embættisverk vígslubiskupa.

8. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi 1. janúar 2022. Við gildistöku starfsreglnanna falla úr gildi starfsreglur um vígslubiskupa nr. 968/2006 með síðari breytingum.

### **Ákvæði til bráðabirða.**

Núverandi vígslubiskupar skulu áfram gegna skyldum vígslubiskupa samkvæmt eldri starfsreglum út skipunartíma sinn.

Áður en skipunartími hvors um sig rennur út skal bjóða þeim án auglýsingar starf sóknarprests innan umdæmis síns. Eftir það gegna þeir skyldum sínum á grundvelli þessara reglna.

### **Greinargerð.**

Lög um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 gera ekki ráð fyrir vígslubiskupum. Af þeim sökum hljóta starfsreglur um vígslubiskupa nr. 968/2006, með síðari breytingum, að falla úr gildi. Það er meginefni tillögu þessarar að vígslubiskupar starfi þó áfram í

kirkjunni en að horfið verði aftur að upprunalegri tilhögun um embættin sem var við lýði hartnær alla 20. öld og gafst vel.

Til vígslubiskupsembættanna var stofnað með lögum um vígslubiskupa nr. 38/1909. Frá því hin fornu biskupsdæmi voru lögð af og biskupsdæmið Ísland var stofnað um aldamótin 1800 hafði að jafnaði aðeins einum biskupsvígðum manni verði á að skipa í landinu hverju sinni. Í forföllum hans sem og á milli biskupa kom því oft í hlut stiftsprófasts að gegna hlutverkum biskups. Þar á meðal að vígja presta. Síðan um siðaskipti var sá háttur og almennt hafður á að Sjálandsbiskup, yfirbiskup dönsku kirkjunnar og ráðunautur konungs í kirkjulegum málefnum vígði íslenska biskupa ytra. Þegar sjálfstæðisbaráttan stóð sem hæst þótti það slæmur kostur. Því kom hugmyndin um vígslubiskupana fram. Lögin voru einföld. Í fyrstu grein var kveðið á um að auk biskups landsins skuli vera tveir vígslubiskupar (officiales) hvor í sínu forna biskupdæminu. Í annari grein segir að prestar í hvoru umdæmi um sig skyldu velja vígslubiskup. Í þriðju grein segir svo um hlutverk þeirra:

Annar vígslubiskupanna vígir biskup landsins, er svo stendur á, að fráfarandi biskup getur eigi gert það. Í forföllum biskups vígja þeir og presta, hvor í sínu umdæmi.

Fyrir biskupsverk, er þeir vinna í forföllum biskups, greiðist þeim úr landssjóði borgun eftir reikningi (Stjórnartíðindi 1909 A, bls. 198).

Með þessu móti var bætt úr þeim vanda sem við var að glíma meðan aðeins einn biskup var í landinu hverju sinni.

Á gildistíma laganna var vígslubiskupstitillinn öðru fremur heiðurstitill. Þeir sem til embættisins völdust héldu áfram prestsþjónustu sinni með sömu kjörum og aðrir prestar en hlutu æðstu víglu kirkjunnar ásamt þeim táknum og nafnbótum sem henni fylgdu. Þá bar þeim að gegna vígsluhlutverki biskups þegar svo bar undir. Sýndi prestastéttin mörgum þekktum kennimönnum úr röðum þjónandi presta og raunar einnig kennara guðfræðideildar Háskólans heiður sinn með því að velja þá til vígslubiskups.

Upphafleg lög um vígslubiskupa féllur úr gildi með gildistöku laga um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands nr. 62/1990 en þau voru fyrsti vísir að heildarlögum um þjóðkirkjuna (þjóðkirkjulögum). Samkvæmt lögnum áttu vígslubiskuparnir áfram að gegna prestsstörfum en þeirri nýskipan komið á að prestsþjónusta þeirra skyldi bundin við þáverandi Skálholts- og Hólaprestakall en þeir þó njóta aðstoðarþjónustu nágrannapresta eða farprests. Samkvæmt lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 var ekki gert ráð fyrir að vígslubiskuparnir gegndu jafnframt prestsþjónustu. Þar með varð í fyrsta sinn um fullt starf að ræða.

Lögin frá 1990 ætluðu vígslubiskupum aukið hlutverk frá því sem áður hafði verið. Ákvæði þar að lútandi voru mun fáorðari í þjóðkirkjulögnum frá 1997 og er það í anda þeirra sjónarmiða sem þá giltu og gilda enn um lagasetningu um kirkjuleg málefni, þ.e. að fremur skuli kveðið á um mál af þessu tagi í starfsreglum sem kirkjuþing setur en í lögum frá Alþingi.

Óhætt er að fullyrða að nokkurn tíma tók að finna vígslubiskupum í aðal- og síðar fullu starfi viðunandi stað í stjórnskipan kirkjunnar sem og nægilega veigamikil og viðeigandi hlutverk. Fyrrgreindar starfsreglur um vígslubiskupa frá 2006 sýna lokastig þeirrar þróunar. Í 2. gr. þeirra segir m.a. að þeim beri að veita andlega leiðsögn og tilsjón innan kirkjunnar í umdæmi sínu, efla kirkjulíf, vísitera og annast sáttaumleitanir. Þessi hlutverk eru síðan útfærð nokkuð í starfsreglunum (sjá 7. gr. um sáttaumleitanir og 11. og 12. gr. um tilsjón, vísitátúr og eflingu kristnúlífs). Þá er í öðrum greinum starfsreglnanna nokkrum hlutverkum bætt við upptalinguna í 2. gr. svo sem skyldum vígslubiskupa í forföllum biskups Íslands (3. gr.), ábyrgð þeirra á biskupsstólunum (5. gr.) og setu í ýmsum nefnum og ráðum á vegum kirkjunnar (6. gr.).

Nú stendur sem kunnugt er yfir mikið umbreytingaskeið í íslensku þjóðkirkjunni á grundvelli nýrra þjóðkirkjulaga. Hin nýju lög gera eins og fram er komið ekki ráð fyrir vígslubiskupum. Hér er þó eigi að síður gerð tillaga um að embættunum sé haldið. Í yfirstandandi stefnumótunarvinnu á grundvelli laganna er lagt til að lögð verði aukin áhersla á tilsjónarhlutverk biskups Íslands og að biskupi verði skapað stóraukið svigrúm og aðstaða til að gegna því hlutverki m.a. með tilkomu nýrrar rekstrarskrifstofu. Þá hafa verið uppi raddir um að efla beri prófastsdæmin sem starfseiningar. Verði hugmyndir sem þessar að veruleika virðist mjög þrengt að hlutverkum og stöðu vígslubiskupa. Við gerð tillögunnar er gert ráð fyrir að þeir gegni upphaflegu hlutverki sínu eins og það var á tímabilinu 1909–1990 og séu auk þess (samkv. tilgreindri röð) staðgenglar biskups Íslands. Gert er ráð fyrir að hlutverk þeirra á sviði tilsjónar og eflingar kirkjulífs skiptist á milli biskups Íslands og prófasteftir því sem kveðið verður á um í starfsreglum. Þá er ráð fyrir því gert að hlutverk þeirra á biskupsstólunum verði falin (dómkirkju-) prestum sem þar sitji með sérstöku erindisbréfi eða starfsreglum. Þar ætti m.a. að kveða á um það starfshlutfall sem ætlað er til þess hlutverks. Athygli skal vakin á að vissulega mætti fela vígslubiskupum umfangsmeira hlutverk en hér er lagt til. Er þar einkum átt við setu í nefndum (t.d. kenningarnefnd) og „ráðum“ kirkjunnar (t.d. á kirkjuþingi eins og nú er). Í því sambandi þarf að gæta þess að verkefnið verði ekki íþyngjandi eða vinni að öðru leyti gegn þeirri meginbreytingu sem hér er lögð til, þ.e. að

vígslubiskupsembættið verði fremur heiðurshlutverk eins og upphaflega var gert ráð fyrir en ekki starf í eiginlegri merkingu.

Tillaga þessi er ekki borin fram í sparnaðarskyni. Þó er ljóst að verði hún samþykkt felur það í sér að allnokkrar fjárhæðir má flytja frá yfirstjórn kirkjunnar til grunnþjónustu hennar.

*Um einstakar greinar tillögunnar.*

Um 1. gr.

Greinin er samhljóða 1. gr. í gildandi starfsreglum um vígslubiskupa nr. 968/2006, sbr. starfsrgl. nr. 1030/2007, nr. 954/2010, nr. 1051/2018 og nr. 402/2021 og þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að horfið verði aftur til þess fyrirkomulags sem gildi fyrir 1997 er vígslubiskupar gegndu lengst af prestsþjónustu sem aðalstarfi. Með því fyrirkomulagi er ekki mögulegt að tengja vígslubiskupna við sérstök prestaköll og þar með stólana án þess að svipta viðkomandi söfnuði valrétti sínum eða skerða hann verulega. Því er lagt til að horfið verði aftur til þeirrar skipanar sem gildi fyrir 1990. Sé á hinn bóginn ríkur vilji til að halda tengslum vígslubiskupanna við stólana þarf að taka afstöðu til valréttar safnaðanna sérstaklega. Við gerð tillögunnar er gert ráð fyrir að prestar í viðkomandi prestaköllum sitji stólana og að kveðið sé á um hlutverk þeirra þar í erindisbréfi eða starfsreglum. Þar sé m.a. kveðið á um það starfshlutfall sem ætlað er til þessa hlutverks. Þar sem tillagan gerir ráð fyrir eins umfangsmiklum breytingum á hlutverkum vígslubiskups og raun ber vitni verður ekki um eiginlegt starf að ræða heldur fremur heiðurstítil eða -hlutverk í kirkjunni. Af þeim sökum er áhorfsmál hvort ekki sé of viðurhlutamikið að kjósa þá með sambærilegri kosningu og þegar biskup Íslands er valinn. Hér er lagt til að vígðum þjónum, prestum og djáknum, í viðkomandi umdæmi, sé falið að annast val þeirra. Engin önnur rök en hér var bent á mæla gegn þátttöku óvígðs fólks í kjörinu. Samkvæmt eldra fyrirkomulagi gátu kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands gegnt embætti vígslubiskups. Hér er lagt til að hlutverkið sé einvörðungu tengt prestsstarfi í viðkomandi vígslubiskupsumdæmi. Telja verður litlar líkur á að vígslubiskup sækist eftir prestsstarfi utan umdæmis síns. Því má ætla að sjaldan reyni á 3. mgr. nema við starfslok.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

#### Um 4.–6. gr.

Í greinunum sem skýra sig að mestu sjálfar er tekið mið af upphaflegu hlutverki vígslubiskupa og að nokkru leyti núgildandi starfsreglum sem og þeirri breytingu sem lögð er til í 2. gr. Við gerð tillögunnar er gert ráð fyrir að núverandi starfskyldur vígslubiskupa flytjist eftir atvikum til biskups Íslands, prófaste og presta á biskupsstólunum, sbr. athugasemdir við 2. gr.

#### Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Aftur á móti verði hún samþykkt þarf að breyta 4. másl. 2. mgr. 12. gr. starfsreglna um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009 þannig: „Enn fremur ákveður nefndin þingfararkaup kirkjuþingsfulltrúa og greiðslur til vígslubiskupa fyrir embættisverk.“ Einnig kann 1. mgr. 25. gr. sem og 27. gr. að þurfa endurskoðunar við. Fyrirvari er og gerður um hugsanlega endurskoðun á öðrum starfsreglum.

#### Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

#### Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið byggir á bráðabirgðaákvæði laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021.

Haga má „sólarlagsákvæði“ greinarinnar með öðrum hætti t.a.m. ef sanngirnirök þykja standa til þess.